

SKÝRSLA
RÍKISENDURSKOÐUNAR
UM
FJÁRHAGSSTÖÐU RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS,
ÁSAMT ÚTTEKT Á ENDURLÁNUM RÍKISSJÓÐS
OG
VEITTUM LÖNGUM LÁNUM RÍKISSJÓÐS

Nóvember 1991

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
I. KAFLI RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR	3
1. ALMENNT UM RÍKISÁBYRGÐIR OG RÍKISÁBYRGÐASJÓÐ	3
2. SKRÁÐAR ÁBYRGÐIR RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS	6
3. EFNAHAGUR RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS	6
4. AFSKRIFTIR	7
5. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA	8
II. KAFLI ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS	15
1. ALMENNT UM ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS	15
2. ÚTLÁN „ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS"	16
3. AFSKRIFTIR ÚTLÁNA	17
4. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA	17
5. MÁL SEM TAKA ÞARF TIL SÉRSTAKRAR SKOÐUNAR	24
6. YFIRLIT YFIR AFSKRIFTIR ENDURLÁNA	26
III. KAFLI „VEITT LÖNG LÁN" RÍKISSJÓÐS ÖNNUR EN ENDURLÁN	27
1. ALMENNT	27
2. „VEITT LÖNG LÁN" RÍKISSJÓÐS	28
3. AFSKRIFTIR	29
4. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA	29

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er gerð úttekt á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs og „endurlána ríkissjóðs“ einkum með því að leggja mat á innheimtuvirði útistandandi krafna þessara aðila og gerð tillaga um afskriftir þeirra. Á sama hátt er innheimtuvirði krafna á liðnum „veitt löng lán“ í ríkisbókhaldi metið og gerð tillaga um afskriftir.

Við ofangreint mat og tillögugerð var fyrst og fremst litið til lagaheimilda til niðurfellingar skulda og fjárhagsstöðu skuldara. Sé lagaheimild til staðar, skuldari gjaldþrota eða yfirgnæfandi lýkur taldar á því að tiltekin krafa sé töpuð er í skýrslunni að jafnaði gerð tillaga um beina afskrift hennar. Með beinni afskrift er átt við að nánar tilgreind krafa sé afskrifuð sem eign í bókhaldi. Í nokkrum tilvikum er gerð tillaga um óbeina afskrift en þá er átt við að tiltekin fjárhæð er færð á afskriftarreikning í bókhaldi og eignir þar með lækkaðar sem því nemur, í þeim tilgangi að mæta áætluðum töpum á útistandandi kröfum.

Rétt er að hafa í huga að í skýrslunni er aðeins að finna tillögur um afskriftir í formi bókhaldslegra aðgerða. Slíkar aðgerðir hafa einar sér engin áhrif á lagalegt gildi þeirra krafna sem um er fjallað hverju sinni.

Vegna þessa verkefnis var víða aflað gagna, einkum hjá Ríkisábyrgðasjóði, fjármálaráðuneyti og Seðlabanka Íslands. Er þessum stofnunum þökkuð veitt aðstoð í þessu sambandi.

I. KAFLI

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR

1. ALMENNT UM RÍKISÁBYRGÐIR OG RÍKISÁBYRGÐASJÓÐ

Um ríkisábyrgðir gilda lög nr. 37/1961. Samkvæmt 1. gr. þeirra má ríkissjóður aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Á sama hátt er ríkisjóði óheimilt að ganga í sjálfskuldarábyrgð nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim sem ábyrgð heimila.

Ríkisábyrgðasjóður var stofnaður með lögum nr. 49/1962. Stofnfé hans var gengishagnaður skv. 6. gr. bráðabirgðalaga 80/1961 um ráðstafanir vegna ákvörðunar um nýtt gengi íslenskrar krónu, áhættugjald samkvæmt 4. gr. laganna um ríkisábyrgðir, sem goldist hafði frá gildistöku þeirra, og loks framkröfur, er ríkissjóður átti, vegna þess að hann hafði sem ábyrgðaraðili orðið að svara til kröfu svo og kröfur, sem stofnuðust af því að ríkissjóður hafði sjálfur tekið lán og endurlánað lánsfé, en vanskil orðið af hálfu lántaka. Einnig var fjármálaráðherra heimilt að afhenda sjóðnum kröfur er rætur áttu að rekja til lána, sem veitt höfðu verið beint úr ríkissjóði en voru í vanskilum.

Tekjur Ríkisábyrgðasjóðs skv. 3. gr. áðurnefndra laga voru áhættugjald skv. 4. gr. laganna um ríkisábyrgðir, greiðslur á framkröfu, sem sjóðurinn eignaðist vegna greiðslu á kröfum með ríkisábyrgð, svo og framlög úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Seðlabanka Íslands var á grundvelli 6. gr. laganna um Ríkisábyrgðasjóð falið að hafa með höndum vörslu sjóðsins, sjá um bókhald hans og starfsemi alla í samræmi við samkomulag milli fjármálaráðherra og bankans þar að lútandi, sbr. og 10. gr. reglugerðar nr. 43/1967 um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

Í nefndri reglugerð nr. 43/1967, um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð, sbr. reglugerðir nr. 165/1983 og 405/1987, er nánar kveðið á um eðli ríkisábyrgða, skilyrði fyrir þeim, umsóknir og afgreiðslu þeirra, gjalddöku, mat á eignum umsækjanda, vanskil, endurkröfur, og fleira er einkum lýtur að framkvæmd. Rétt er að geta þess að umrædd reglugerð, sem m.a. er sett með heimild í 8. gr. laga nr. 49/1962, hefur ekki verið afnumin þó að tilvitnuð lög hafi verið felld niður með lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins. Þess má geta að hún styðst jafnframt við ákvæði 8. gr. laga um ríkisábyrgðir nr.

37/1961. Verður því að líta svo á að hún sé enn í gildi að svo miklu leyti sem hún fer ekki í bága við hin nýju lög um Lánasýslu ríkisins. Fljótt á litið virðist reglugerðin efnislega vel samrýmanleg hinum nýju lögum.

Þá er þess að geta að í 40. gr. laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, var allt til gildistöku laga nr. 84/1985, mælt fyrir um að lán, sem ríkissjóður tók til að endurlána ríkisfyrirtækjum og öðrum aðilum, þ.e. hin svokölluðu „endurlán ríkissjóðs“ skyldi færa um reikning Ríkisábyrgðasjóðs í B-hluta ríkisreiknings. Umræddu ákvæði var breytt með 3. gr. áðurnefndra laga nr. 84/1985 á þá lund að lán þessi skyldu framvegis færð á endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta.

Með lögum nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, var komið á stofn sérstakri deild við Ríkisábyrgðasjóð er nefnist ábyrgðadeild fiskeldislána. Deildin tók við öllum skuldbindingum og eignum Tryggingarsjóðs fiskeldislána, sem stofnaður var með lögum nr. 3/1989. Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að tryggja greiðslu eldislána, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum þannig að rekstrar- og eldislán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af veðmælti eldisstofns. Að öðru leyti nægir um þetta efni að vísa til ofangreindra laga og reglugerðar. Rétt er að vekja athygli á því að nefnd lög eru tímabundin því skv. 8. gr. þeirra falla þau úr gildi í árslok 1999.

Með lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins, er tóku gildi hinn 22. maí 1990, varð nokkur breyting á formlegri stöðu Ríkisábyrgðasjóðs og fyrirkomulagi endurlána ríkissjóðs. Samkvæmt 1. gr. laganna skal Lánasýsla ríkisins fyrir hönd fjármálaráðherra fara með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldaþrefa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóðs, svo og endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir. Áðurnefnd lög nr. 49/1962 um Ríkisábyrgðasjóð eru felld úr gildi en jafnframt kveðið á um að Ríkisábyrgðasjóður sé deild við Lánasýslu ríkisins, sem fer með ábyrgðar- og endurlánamál, sbr. 1. tölul. 3 gr. laganna.

Í 4. gr. þeirra er kveðið á um að Lánasýsla ríkisins taki við öllum eignum og skuldum, kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 49/1962 eins og þær standa við gildistöku laga nr. 43/1990. Jafnframt skal Lánasýslan fyrir hönd ríkissjóðs greiða kröfur sem á hann falla vegna ríkisábyrgða og lána, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað, og eignast hún þær framkröfur, sem myndast með þeim hætti rétt eins og Ríkisábyrgðasjóður áður.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990 skal Lánasýslan semja fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlána fé og veita ábyrgðir samkvæmt

ákörðunum fjármálaráðherra innan heimilda, sem Alþingi veitir hverju sinni. Þá er henni heimilt skv. 2. mgr. 5. gr. í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr. að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

Þrátt fyrir framangreindar breytingar á hinni formlegu stöðu Ríkisábyrgðasjóðs, sem einkum felast í því að hann er ekki lengur sjálfstæð B-hluta stofnun heldur hluti af Lánasýslu ríkisins, er ljóst að lögin um Lánasýslu ríkisins fela í sjálfu sér ekki í sér umtalsverðar breytingar á þeim reglum, sem gilt hafa og þeirri framkvæmd, er mótast hefur í gildistíð laga nr. 49/1962. Á hinn bóginn er á ýmsan hátt mælt á skýrari og fyllri hátt en áður um eftirlit, bæði með tryggingum á móti ábyrgðum, sbr. 3. tölul. 2. gr., og með kjörum og skilmálum í lánsamingum þeirra, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs, sbr. 7. gr. laganna.

Rétt er að geta þess að samkvæmt 9. gr. hinna nýju laga um Lánasýslu ríkisins er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála, ríkisábyrgða og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem Lánasýslu ríkisins eru falin eftir því sem hagkvæmt þykir. Heimild þessi hefur verið nýtt þannig að Seðlabankinn sér eins og áður um vörslu, umsjón og daglegan rekstur Ríkisábyrgðasjóðs svo og erlend lánamál ríkissjóðs.

2. SKRÁÐAR ÁBYRGÐIR RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS

Í árslok 1990 námu skráðar ábyrgðir ríkissjóðs 39.029 milljónum króna og skiptust þær sem hér segir:

	m.kr.
Opinberir lánasjóðir	32.018
Sveitarfélög og hitaveitur	5.078
Fyrirtæki	1.057
Fiskeldisfyrirtæki	304
Loðdýrabændur	157
Ríkisfyrirtæki	374
Ýmsir aðrir	<u>41</u>
Samtals	<u>39.029</u>

Með skráðum ábyrgðum ríkissjóðs eru ekki taldar ábyrgðir ríkissjóðs vegna eignarhalds eða eignaraðildar að fyrirtækjum og sjóðum nema að hluta til hjá Framkvæmdasjóði Íslands, atvinnuþryggingadeild og hlutafjárdeild Byggðastofnunar og Byggingasjóði ríkisins vegna útgefinna húsbréfa.

Heimildir til veitingu ríkisábyrgða eða til endurlána á árinu 1991 nema um 1.240 milljónum króna. Til loka júnímánaðar 1991 hafði Ríkisábyrgðasjóður skráð nýjar ábyrgðir að fjárhæð 201 milljón króna þar af 11 milljónir króna vegna skuldbreytinga á eldri ábyrgðum. Því til viðbótar hefur ríkissjóður endurlánað tæpar 350 milljónir króna. Þannig höfðu verið veittar ábyrgðir og endurlán að fjárhæð 537 milljónir króna í lok júnímánaðar sl. eða um 43% af heimildum ársins.

3. EFNAHAGUR RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS

Eigið fé Ríkisábyrgðasjóðs þann 31. desember 1990 án afskrifta á því ári nam 1.975 milljónum króna. Innleystar ábyrgðir námu 1.123 milljónum króna. Til viðbótar þessu á sjóðurinn skuldabréf að fjárhæð 306 milljónir króna, sem út hafa verið gefin vegna uppgjörs á innleystum ábyrgðum. Nettóstaða á viðskiptamannareikningi var jákvæð um 513 milljónir króna. Þá var handbært fé sjóðsins að fjárhæð 33 milljónir króna.

Frá áramótum til loka júnímánaðar 1991 hefur Ríkisábyrgðasjóður leyst til sín ábyrgðir að fjárhæð um 150 milljónir króna.

Ríkisendurskoðun vill taka fram að við mat forsvarsmanna sjóðsins á eigin fé hans hefur það verklag verið viðhaft að afskrifa ekki kröfur úr bókhaldi hans nema fyrir liggi formlegt samþykki fjármálaráðuneytisins. Í áritun endurskoðenda sjóðsins á ársreikningi fyrir árið 1989 kemur fram eftirfarandi:

„Meðal eigna eru umtalsverðar kröfur, sem ætla má að verði afskrifaðar, sbr. m.a. skýringar 1 og 3. Kröfur eru ekki afskrifaðar fyrr en að heimild fenginni. Að teknu tilliti til þessa er það okkar álit að efnahagsreikningurinn gefi áreiðanlega mynd af efnahag Ríkisábyrgðasjóðs í lok ársins 1989 í samræmi við góða reikningskilavenju.“

4. AFSKRIFTIR

Ríkisendurskoðun hefur metið virði þeirra krafna sem skráðar eru í efnahagi Ríkisábyrgðasjóðs í lok ársins 1990. Á grundvelli þess er lagt til að 1.800 milljónir króna verði afskrifaðar beint og á afskriftareikning verði færðar 213 milljónir króna eða að samtals verði afskrifaðar 2.013 milljónir króna af kröfum sjóðsins.

Beinar afskriftir skiptast þannig:

Afskrifað skv. heimildum í lögum	m.kr. 1.144
Afskrifað v/gjaldþrota skuldara	555
Annað	<u>101</u>
Samtals	<u>1.800</u>

Af þeim 1.144 milljónum króna sem lagt er til að afskrifa á grundvelli lagaheimilda er um helmingur vegna heimilda frá árinu 1990 og 1991.

Sem fyrr segir hefur Ríkisábyrgðasjóður á fyrstu sex mánuðum þessa árs þurft að leysa til sín kröfur að fjárhæð um 150 milljónir króna vegna ábyrgðar ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun telur að tæpar 60 milljónir króna af innleystum ábyrgðum á nefndu tímabili falli á sjóðinn og er gert ráð fyrir þeim í afskriftatillögum stofnunarinnar miðað við 31. desember 1990.

Eins og að framan greinir eru ríkisábyrgðir vegna húsbréfa, Framkvæmdasjóðs og atvinnutrygginga- og hlutafjárdeilda Byggðastofnunar skráðar hjá Ríkisábyrgðasjóði. Ekki er gert ráð fyrir að þær komi til með að falla á Ríkisábyrgðasjóð þar sem kveðið er á um í lögum um viðkomandi sjóði að ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar þeirra. Um mat á stöðu fyrrnefndra sjóða vísast til skýrslu Ríkisendurskoðunar í ágústmánuði 1991.

5. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum málum er tengjast tillögum Ríkisendurskoðunar um afskriftir.

Raðsmíðaskip

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1987 var heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán vegna sölu svonefndra raðsmíðaskipa og fyrir ríkissjóð að yfirtaka hluta af fjármagnskostnaði af lánnum sem viðkomandi skipasmíðastöðvar höfðu tekið á smíðatímanum.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1987 segir eftirfarandi í 32. gr.:

„Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að 600.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna sölu fjögurra fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið í smíðum innanlands á árunum 1982-1986. Skip þessi mega vera allt að 42,4 metra löng og með vélarafli allt að 1000 hestöflum.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánnum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra.”

Um var að ræða tvö skip sem smíðuð voru hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri, eitt skip hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf., Akranesi, eitt skip hjá Stálvík hf., Garðabæ og eitt hjá vélsmiðju Seyðisfjarðar.

Sá hluti kostnaðar við smíði skipanna sem fellur á ríkissjóð er 512,3 milljónir króna og skiptist þannig:

	m.kr.
Slippstöðin Akureyri B66	53,2
Slippstöðin Akureyri B67	87,1
Þorgeir og Ellert	125,7
Stálvík hf.	230,8
Vélsmiðja Seyðisfjarðar	<u>15,5</u>
Samtals	<u>512,3</u>

Þar sem samþykkt hefur verið að ríkissjóður beri þennan kostnað þarf að afskrifa fjárhæðina.

Rafmagnsveitur ríkisins

Árið 1982 seldi ríkissjóður byggðalínur til Landsvirkjunar og árið 1986 voru skuldir RARIK við Ríkisábyrgðasjóð felldar niður í kjölfar þess að tekjur fyrirtækisins vegna verðjöfnunargjalds féllu niður. Við þessi uppgjör var ekki tekið tillit til láns að fjárhæð 72 milljónir króna í árslok 1990. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt í ljósi atvika að lánið verði afskrifað.

Skipaútgerð ríkisins

Í fjárlögum fyrir árið 1990 var svofelld heimild í 6. gr. tl. 6.13: „Fjármálaráðherra er heimilt að ganga frá uppgjöri á vanskilum Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.“

Fjármálaráðherra nýtti sér þessa heimild og með bréfi dagsettu 19. apríl 1991 var ákveðið að skuldir Skipaútgerðarinnar við ríkissjóð í árslok 1989 skyldu felldar niður. Þá var með bréfi dagsettu 24. apríl 1991 ákveðið að skuldir Skipaútgerðarinnar við Ríkisábyrgðasjóð eins og þær voru í árslok 1989 skyldu felldar niður. Niðurfelling þessi var færð í ríkisreikningi 1989 til gjalda og hækkunar á skammtímaskuldum ríkissjóðs.

Samkvæmt efnahagsreikningi frá 31. desember 1988 var eiginfjárstaða Skipaútgerðarinnar neikvæð um 166,6 milljónir króna. Vanskil útgerðarinnar við Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkissjóðs voru 376,7 milljónir króna en þar af eru uppsafnaðir dráttarvextir 266,1 milljón króna. Dráttarvextir ársins 1988 námu 114,3 milljónum króna.

Í árslok 1990 var útistandandi ábyrgð vegna Skipaútgerðarinnar hjá Ríkisábyrgðasjóði 33 milljónir króna en innleystar ábyrgðir 511 milljónir króna. Í samræmi við bréf ráðuneytisins þarf að afskrifa beint 113 milljónir króna og því til viðbótar vexti að fjárhæð 398 milljónir króna eða samtals 511 milljónir króna.

Þörungavinnslan hf.

Á árunum 1974 og 1975 tók Þörungavinnslan hf. á Reykhólum lán hjá Iðnþróunarsjóði sem ríkissjóður ábyrgðist með einfaldri ábyrgð. Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota þann 9. maí 1986. Ríkisábyrgðasjóður keypti

verksmiðjuhús fyrirtækisins og seldi nýju fyrirtæki, Þörungaverksmiðjunni hf., sem stofnað var um reksturinn. Þessi sala átti sér stað á árinu 1987. Vegna uppgjörs á þrotabúinu falla á ríkissjóð 33 milljónir króna. Þar á meðal er 17 milljóna útistandandi ábyrgð um síðustu áramót sem innleyst var á þessu ári. Ríkisendurskoðun telur að afskrifa þurfi 33 milljónir króna vegna þessa máls.

Arnarflug hf.

Arnarflug hf. var úrskurðað gjaldþrota 22. október 1990. Ekki er lengur um að ræða útistandandi ábyrgðir vegna félagsins. Innleystar hafa verið ábyrgðir vegna tveggja lána sem ríkið ábyrgðist skv. lögum nr. 53/1986, samtals að fjárhæð 179 milljónir króna. Einnig hefur sjóðurinn greitt 37 milljónir króna vegna kostnaðar við Boeing þotu félagsins sem sjóðurinn eignaðist í ársbyrjun 1989 og seldi síðan aftur ári síðar. Andvirði vélarinnar var varið til greiðslu lána og ábyrgða sem Ríkisábyrgðasjóður hafði veitt.

Ríkisábyrgðasjóður leysti til sín fasteign félagsins í Lágmúla 7. Auk þess á sjóðurinn veð í annarri flugvél sem áður var í eigu félagsins. Gert er ráð fyrir að samtals skili veð þessi sjóðnum um 20 milljónum króna. Það sem eftir stendur þegar búið er að taka tillit til söluverðs þotunnar, hinnar flugvélarinnar og fasteignar, þ.e. 196 milljónir króna, er lagt til að sjóðurinn afskrifi beint.

Útver hf.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Ríkisábyrgðasjóðs dags. 5. apríl 1991, kemur fram að fjármálaráðherra hafi ákveðið að nýta heimild 6. gr. fjárlaga 1991 til að fella niður allt að 50 milljónir króna vanskilaskuld Útvers hf. í Ólafsvík við sjóðinn. Niðurfellingin er þó háð því skilyrði að togari félagsins verði áfram gerður út frá Ólafsvík.

Um síðustu áramót var ríkissjóður í ábyrgð fyrir félagið vegna 30 milljóna króna. Innleystar höfðu verið ábyrgðir fyrir 83 milljónir króna. Í samræmi við bréf fjármálaráðuneytisins er rétt að afskrifa 50 milljónir króna af kröfu sjóðsins á félagið.

Gullskipið hf.

Með lögum nr. 23/1983 var heimiluð einföld ríkisábyrgð, allt að 50 milljónir króna, fyrir lánnum sem Gullskipið hf. tæki vegna björgunar á flaki

skipsins Het Wapen van Amsterdam á Skeiðarársandi. Tekið var lán í Landsbankanum að fjárhæð 12 milljónir króna og var þá miðað við að lánið hrykki fyrir kostnaði við að grafa niður á skipsflakið og ganga úr skugga um að það væri hið rétta.

Svo sem kunnugt er hefur flakið ekki fundist enn. Lánið var til 3ja ára og lokagjalddagi 15. júní 1986. Félagið er eignalaust og hefur því ekki endurgreitt lánið. Árangurslaust fjárnám fór fram hjá félaginu 2. nóvember 1989 og lagði bankinn síðan fram gjaldprotaskiptabeiðni. Að samkomulagi varð að Ríkisábyrgðasjóður greiddi bankanum kröfuna án þess að til skipta á félaginu kæmi og samþykkti fjármálaráðuneytið það fyrir sitt leyti. Ríkisábyrgðasjóður greiddi síðan bankanum kröfuna í mars 1990.

Eðlilegt er að afskrifa ofangreinda kröfu enda verður að telja að líkurnar fyrir því að skipið finnist séu hverfandi. Krafan nam 95 milljónum króna um síðustu áramót.

Stálvík hf.

Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á lánnum var veitt samkvæmt heimild í lögum nr. 70/1986. Félagið var úrskurðað gjaldproti þann 16. ágúst 1990. Veð voru í eignum en þær seldust á það lágu verði að krafa sjóðsins fékkst ekki greidd. Yfirgnæfandi líkur eru á því að afskrifa þurfi alla fjárhæðina, sem nam samtals 32 milljónum króna um síðustu áramót.

Ábyrgðadeild fiskeldislána

Tryggingasjóður fiskeldislána var stofnaður með lögum nr. 3/1989 og var ætlað að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð viðbótarafurðarlán banka og annarra lánastofnana þannig að lán þessara aðila gæti numið allt að 75% af verðmæti birgða.

Þar sem bankar voru ekki tilbúnir að veita viðbótarlán gegn þessari einföldu ábyrgð Tryggingasjóðsins, féllst Framkvæmdasjóður Íslands á að taka sjálfsskuldarábyrgð sjóðsins á umræddum lánnum. Hins vegar fólust tryggingar Framkvæmdasjóðs í einfaldri ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána.

Allar skuldbindingar Tryggingasjóðs og Framkvæmdasjóðs voru fluttar til ábyrgðadeildar fiskeldislána hjá Ríkisábyrgðasjóði með lögum nr. 17/1990.

Svo sem kunnugt er, hefur ekki reynst grundvöllur fyrir rekstri margra fiskeldisstöðva og þær orðið gjaldproti. Hér er lagt til að afskrifa að fullu

beinni afskrift ábyrgðir og innleystar kröfur vegna þeirra stöðva, sem úrskurðaðar hafa verið gjaldþrota. Ekki er gert ráð fyrir að neitt fái upp í kröfur Ríkisábyrgðasjóðs úr þrotabúunum, en ábyrgðir sjóðsins eru á öðrum veðrétti og hafa til þessa reynst haldlitlar tryggingar.

Útistandandi ábyrgðir voru um síðustu áramót 304 milljónir króna. Þá höfðu verið innleystar ábyrgðir fyrir samtals 61 milljónir króna. Auk þess á sjóðurinn viðskiptakröfur vegna þessara mála að fjárhæð 3 milljónir króna.

Í samræmi við það sem að framan segir er lagt til að afskrifaðar verði beint ábyrgðir og kröfur samtals að fjárhæð 293 milljónir króna. Hér er um að ræða ábyrgðir og kröfur vegna eftirtalinna fyrirtækja, sem öll eru gjaldþrota:

Bakkalax hf.	26.180.786
Eldisst. Króki hf.	4.804.611
Fiskeldi Grindavíkur hf.	26.909.996
Íslax hf.	18.632.656
Íspór hf.	55.652.496
Laxalón hf.	43.472.021
Smári hf.	44.868.130
Þverárlax hf.	11.338.547
Íslenska fiskeldisfélagið hf.	44.348.717
Árlax hf.	<u>16.347.781</u>
Samtals	<u>292.555.741</u>

Landnám ríkisins

Hjá Ríkisábyrgðasjóði hafa verið færðar vanskilakröfur vegna endurlána ríkissjóðs til grænifóðurverksmiðja. Þessar verksmiðjur hafa nú verið seldar, en ríkissjóður hélt eftir viðskiptakröfum verksmiðjanna sem eru í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Almennu verður að telja kröfur þessar haldlitlar. Hjá Ríkisábyrgðasjóði þykir því rétt að afskrifa allar kröfur vegna vanskila verksmiðjanna, samtals 5,7 milljónir króna.

Óbeinar afskriftir

Til viðbótar beinum afskriftum sem gerð er tillaga um hér að framan telur Ríkisendurskoðun að færa beri samtals 213 milljónir króna á afskriftareikning, þ.e. óbein afskrift, þar sem verulegar líkur eru á að umrædd fjárhæð kunni að falla á sjóðinn á næstu árum. Um er að ræða áætlaða afskrift vegna 8 aðila.

Beinar afskriftir, samantekt

	Útist. ábyrgðir	Innl. ábyrgðir	Viðsk. menn	Samtals	Beinar afskriftir
Raðsmíðaskip			512.258.254	512.258.254	
512.258.254					
Rafmagnsveitur rík.		72.122.212		72.122.212	72.122.212
Skipaútgærd rík.	33.344.003	510.788.548		544.132.551	
510.788.548					
Þörungavinnslan	17.034.237	16.381.771		33.416.008	33.416.008
Arnarflug hf.	105.152.593	178.593.956	37.495.174	321.241.723	
196.089.130					
Útver hf.	30.009.270	83.223.575	10.384	113.243.229	50.000.000
Gullskipið hf.		95.373.619		95.373.619	95.373.619
Stárvík hf.	29.646.985		2.440.160	32.087.145	32.087.145
Ábyrgðard. fiskeldisl.	304.072.195	60.696.498	2.962.183	367.730.876	292.555.741
Landnám ríkisins		<u>5.740.801</u>		<u>5.740.801</u>	—
<u>5.740.801</u>					
	519.259.283	1.022.920.980	555.166.155	2.097.346.418	
1.800.431.458					

II. KAFLI

ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS

1. ALMENNT UM ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS

Í lögum, einkum þó lánsfjárlögum hverju sinni, má gjarnan finna heimildir fyrir ríkissjóð til þess að taka lán og endurlána það t.d. tilteknum aðilum eða vegna tiltekinnar verkefna. Lagaákvæði um framkvæmd endurlána ríkissjóðs eru þegar þessu sleppir í raun mjög fátækleg og efnisrýr, einkum ef mið er tekið af lagafyrirmælum um ríkisábyrgðir. Nú er þau helst að finna í lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins. Fram til gildistöku þeirra má segja að 40. gr. laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, hafi lengst af verið eina lagaákvæðið, sem fjallaði um þetta svið ríkisfjármálanna og þá reyndar aðeins um það hvar lánin skyldu bókfærð. Í raun hafa gildandi reglur um ríkisábyrgðir, einkum varðandi tryggingar, verið hafðar til hliðsjónar við framkvæmd endurlána ríkissjóðs.

Áður en lög nr. 84/1985 tóku gildi var í nefndri 40. gr. kveðið á um að lán, sem ríkissjóður tók til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skyldi færa um reikning Ríkisábyrgðasjóðs í B-hluta ríkisreiknings. Með 3. gr. laga nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreikning og fjárlaga var ákvæði þessu breytt á þá lund að lán þessi skyldu færð á endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta. Seðlabankinn, sem nánast frá upphafi hefur verið vörslu- og umsjónaraðili með Ríkisábyrgðasjóði, sá eftir sem áður um málaflökk þennan fyrir hönd fjármálaráðuneytisins.

Í lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins er m.a. kveðið á um að Lánasýslan skuli hafa með höndum endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. skal Lánasýslan endurlána fé samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni. Lánasýslunni er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs að hluta eða öllu leyti enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð. Loks er að geta þess að skv. 2. gr. skal Lánssýsla ríkisins í störfum sínum m.a. stefna að því markmiði að draga úr áhættu ríkissjóðs vegna endurlána. Í samræmi við hin nýju lög um Lánasýslu ríkissjóðs eru málefni endurlána ríkissjóðs enn í umsjón Ríkisábyrgðasjóðs og Seðlabankans.

Að því slepptu sem að framan segir er hvorki í lögum um Lánasýslu ríkisins né öðrum lögum að finna neinar efnisreglur um endurlán ríkissjóðs og framkvæmd að öðru leyti. Þannig hafa t.d. ekki verið settar reglur

varðandi lánsúmsókir, skilyrði fyrir lánum, afgreiðslu þeirra, ábyrgðir, veð eða aðrar tryggingar veittra lána. Á sama hátt er ekki að finna reglur eða fyrirmæli um lánskjör, gjaldtöku vegna lánveitinga, innheimtu, vanskil o. s. frv. Eins og áður segir hafa gildandi reglur um ríkisábyrgðir, einkum varðandi tryggingar, verið hafðar til hliðsjónar við framkvæmd endurlánanna.

Með hliðsjón af því sem að framan segir er brýnt að sem fyrst verði settar formlegar reglur um endurlán ríkissjóðs með svipuðum hætti og gert hefur verið um ríkisábyrgðir. Rétt er að minna á að samkvæmt 11. gr. laganna um Lánasýslu ríkisins getur ráðherra sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Ríkisendurskoðun vill nota þetta tækifæri og hvetja til þess að heimild þessi verði notuð sem fyrst og að settar verði heildstæðar reglur um endurlán ríkissjóðs á grundvelli heimildarinnar. Að auki þyrftu stjórnvöld að gefa þeirri spurningu gaum hvort ekki sé eðlilegt að afla skýrari lagaheimilda en nú gilda vegna umræddrar lánastarfsemi ríkissjóðs rétt eins og t.d. tíðkast um ríkisábyrgðir. Breyting á lögnum um ríkisábyrgðir í þessa veru sýnist einfaldur og nærtækur kostur í þessu sambandi.

2. ÚTLÁN „ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS“

Í árslok 1990 voru kröfur „endurlána ríkissjóðs“ án áfallinna vaxta samtals 26.330 milljónir króna og höfðu þá ekki verið færðar afskriftir vegna 1990. Fjárhæðin skiptist þannig:

	m.kr.
Opinberir lánasjóðir	14.364
Ríkisfyrirtæki og fyrirtæki með eignaraðild ríkisins	6.170
Sveitarfélög og hitaveitur	2.992
Ferjur og flóabátar	593
Fiskiskip	1.767
Aðrir	<u>444</u>
Alls	<u>26.330</u>

Á fyrri helmingi ársins 1991 endurlánaði ríkissjóður 2.845 milljónir króna og greinast lánin þannig:

	m.kr.
Opinberir lánasjóðir	2.450
Ríkisfyrirtæki	48
Sveitarfélög og hitaveitur	34
Ferjur og flóabátar	<u>313</u>
Alls	<u>2.845</u>

3. AFSKRIFTIR ÚTLÁNA

Eftir að hafa metið innheimtuvirði veittra lána hjá ríkissjóði leggur Ríkisendurskoðun til að kröfur að fjárhæð 1.140 milljónir króna verði afskrifaðar beint og að á afskriftareikning verði færðar 142 milljónir króna eða samtals 1.282 milljónir króna.

Beinar afskriftir skiptast þannig:

	m.kr.
Afskriftir skv. heimildum í lögum	323
Afskriftir v/sölu fyrirtækja ríkissjóðs	262
Afskriftir v. hagræðingard. Fiskveiðasjóðs	359
Afskr. v/gjaldþrota	62
Annað	<u>134</u>
Alls	<u>1.140</u>

Af þeim 323 milljónum króna sem lagt er til að afskrifaðar verði á grundvelli lagaheimilda eiga 204 milljónir króna rætur að rekja til heimilda frá 1990 og 1991.

4. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum málum þar sem gerðar eru tillögur um afskriftir.

Hitaveita Rangæinga

Þann 8. júlí 1988 var á grundvelli heimildar í 35. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 gengið frá samkomulagi milli þeirra sveitarfélaga, sem að Hitaveitu Rangæinga standa og fjármálaráðherra um að fella niður lán sem svarar til 48 milljóna króna miðað við 1. janúar 1987 auk áfallinna vaxta og vanskila.

Bókfærð krafa nam um 110 milljónum króna miðað við síðustu áramót án dráttarvaxta. Ríkisendurskoðun leggur til að þessi fjárhæð verði afskrifuð.

Ríkisútvarpið

Um er að ræða fjögur lán sem veitt voru Ríkisútvarpinu með heimild frá fjármálaráðuneytinu á árunum 1979 til 1982.

Fyrsta lánið var heimilað með bréfi ráðuneytisins, dagsettu þann 23. nóvember 1979. Er þar vísað í 22. gr. laga nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Samkvæmt því var fjármálaráðherra heimilað að taka lán til þess að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Í bréfi þessu er tilgreint að Ríkisútvarpið treysti sér ekki til „standa straum af slíku láni að óbreyttum tekjumöguleikum“. Í bréfinu kemur fram að menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafi verið sammála um að Ríkisútvarpið skyldi taka umrætt lán í sínu nafni en jafnframt ákveðið að ríkissjóður skyldi greiða vexti og afborganir af láninu sem hann hefur þó ekki gert.

Þann 11. júlí 1980 var Ríkisútvarpinu síðan heimiluð önnur lántaka með sömu skilmálum og fyrsta lánið. Heimildarbréf þetta er svipað því fyrsta að öðru leyti en því að fjármálaráðuneytið lýsti því yfir að eftirleiðis myndi ríkissjóður ekki taka á sig afborgunarskyldu af slíkum lánum. Þriðja skuldabréfið var gefið út árið 1981 og hið fjórða 1982.

Þann 18. maí 1989 skrifaði Fjármálaráðuneytið síðan bréf til Ríkisábyrgðasjóðs (þ.e. endurlána ríkissjóðs) þar sem þess var farið á leit að lánin yrðu færð af Ríkisútvarpinu og til gjalda hjá A-hluta ríkissjóðs.

Bókfærð fjárhæð þessara fjögurra bréfa nam um 84 milljónum króna miðað við árslok 1990. Ríkisendurskoðun vill vekja athygli á því að ekki var leitað heimildar í upphafi fyrir því að ríkissjóður tæki að sér að greiða lán þetta hvorki í fjárlögum né öðrum lögum.

Grænfóðurverksmiðjur

Krafa endurlána ríkissjóðs vegna grænfóðurverksmiðja samanstendur af níu skuldabréfum, sem gefin voru út vegna lána til þeirra á árunum 1978 til 1985. Sex skuldabréfanna eru á nafni Landnáms ríkisins. Grænfóðurverksmiðjurnar eru eftirfarandi: Stórólfsvallabúið, Grænfóðurverksmiðjan Flatey í Austur-Skaftafellsýslu, Fóðuriðjan í Ólafsdal, Vallhólmur hf. og Saltvík í Þingeyjarsýslu. Flatey og Fóðuriðjan í Ólafsdal hafa verið seldar. Stórólfsvallabúið er leigt en engin framleiðsla fer þar fram. Grænfóðurverksmiðjan í Saltvík hóf aldrei starfsemi og Vallhólmur hf. var lýst gjaldþrota 11. nóvember 1986.

Ríkissjóður á viðskiptakröfur á ýmsa aðila, sem ekki fylgdu verksmiðjunum þegar þær voru seldar. Kröfur þessar verða að teljast ótryggar. Því er lagt til að bókfærð endurlán í þessu sambandi að fjárhæð 47 milljónir króna miðað við árslok 1990 verði afskrifuð.

Skipaútgerð ríkisins

Fjármálaráðherra var veitt heimild í tölulið 6.13 í 6. grein fjárlaga fyrir 1990, til að ganga frá uppgjöri á vanskilum Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Fjármálaráðherra nýtti sér þessa heimild með bréfi til ríkisbókhalds, dagsettu þann 19. apríl 1991. Skuld Skipaútgerðarinnar samanstendur af fjórum skuldabréfum frá árunum 1980 til 1983. Niðurfelling þessi var færð í ríkisreikningi 1989 til gjalda og hækkunar á skammtímaskuldum ríkissjóðs.

Vanskil Skipaútgerðarinnar við endurlán ríkissjóðs námu um 90 milljónum króna um síðast liðin áramót. Ríkisendurskoðun leggur til að þessi fjárhæð verði afskrifuð.

Landshöfnin Þorlákshöfn

Afhending hafnarinnar til Ölfushrepps var heimiluð skv. tölulið 4.17 í 6.gr. fjárlaga fyrir árið 1989. Bókfærð krafa í árslok 1990 nam 1,7 milljón króna. Reiknaðir dráttarvextir nema um 2,5 milljónum króna. Afsal er miðað við 1. janúar 1990.

Með heimild í lögum nr. 61/1966 um Landshöfn í Þorlákshöfn og síðan samningum árið eftir, eignaðist ríkissjóður formlega lóðir og mannvirki á hafnarsvæði í Þorlákshöfn. Með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 69/1984 fékk samgönguráðuneytið m.a. heimild til viðræðna um afhendingu mannvirkja landshafnarinnar í Þorlákshöfn til eignar og reksturs samkvæmt hafnalögum sbr. 74. gr. laga nr. 89/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í viðræðum þessum var heimilt að ákveða að framkvæmdaskuldir hafnarsjóðs Þorlákshafnar yrðu yfirteknir af ríkissjóði. Þann 21. desember 1989 var síðan undirritaður samningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs um afhendingu hafnarinnar til sveitarfélagsins.

Með hliðsjón af þessu samkomulagi telur Ríkisendurskoðun að afskrifa verði fjárhæðina.

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild Fiskveiðasjóðs Íslands

Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð er nefnist hagræðingar- og framkvæmdalánadeild. í lögnum

var tilgreint að hlutverk deildarinnar væri að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Fjárhagur deildarinnar er sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta Fiskveiðasjóðs.

Við mat á tryggingum var stjórn Fiskveiðasjóðs óbundin af ákvæðum laga Fiskveiðasjóðs um veðmörk. Sett var sérstök reglugerð nr. 194/1983 um lánastarfsemi deildarinnar þar sem m.a. veðmörk sjóðsins voru rýmkuð mjög. Þá var tilgreint í reglugerðinni að nægi ekki veð í skipum sé stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi. Deildin tók erlend lán hjá endurlánum ríkissjóðs en lánaði út á 2% vöxtum. Þau kjör voru þó endurskoðuð með reglugerð nr. 186/1988.

Fjárhagsstaða deildarinnar hefur verið slæm og hefur hún lent í vanskilum við endurlán ríkissjóðs. Um s.l. áramót skuldaði deildin endurlánum um 533 milljónir króna þegar frá eru taldir dráttarvextir að fjárhæð um 57 milljónir króna. Deildin er skuldlaus að öðru leyti. Samkvæmt ársreikningi hagræðingar- og framkvæmdalánadeildar var bókfært eigið fé hennar í árslok 1990 neikvætt um 325 milljónir króna. Eignir voru alls bókfærðar á um 225 milljónir en skuldir námu um 550 milljónum.

Ríkisendurskoðun telur að a.m.k. um 359 milljónir króna geti tapast en Fiskveiðasjóður telur að tapið geti orðið meira. Lagt er til að um 359 milljónir króna af skuldum deildarinnar hjá endurlánum ríkissjóðs miðað við árslok 1990, verði afskrifaðar.

Siglufjarðarkaupstaður:

a. Rafveita Siglufjarðar

Í tölulið 6.22 í 6. grein fjárlaga fyrir árið 1991, er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar veitt heimild til að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um niðurfellingu skulda með hliðsjón af samkomulagi sem gert var við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða vegna niðurfellingu verðjöfnunargjalds raforku árið 1986. Skyldi niðurfellingin vera sambærileg niðurfellingu ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árið 1989.

Þann 5. apríl 1991 undirritaði fjármálaráðherra samning við bæjarstjórn Siglufjarðar um niðurfellingu ríkissjóðs á langtímaláni Rafveitu Siglufjarðar alls um 37,7 milljónir króna miðað við stöðu þess í árslok 1990.

b. Hitaveita Siglufjarðar

Samkv. 41. gr. lánsfjárlaganna fyrir árið 1991 er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis heimilt að semja við Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitunnar.

Fjármálaráðherra undirritaði þann 5. apríl 1991 samning við bæjarstjórn Siglufjarðar um niðurfellingu á skuldum Hitaveitunnar hjá endurlánum ríkissjóðs alls 60 milljónir króna miðað við stöðu þess í árslok 1989.

Ríkisendurskoðun leggur til að alls um 98 milljónir króna af skuldum Siglufjarðarkaupstaðar, sem tilgreindar eru hér að ofan, verði afskrifaðar. Þess ber að geta að Rafmagnsveitur ríkisins keyptu í framhaldi af þessu orkufyrirtæki Siglufjarðarkaupstaðar og koma skuldir fyrirtækjanna því kaupstaðnum ekki lengur við.

Grindavíkurkaupstaður

Í tölulið 6.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 er heimild til að fella niður 10 milljónir króna af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Bókfærð krafa endurlána nam um 13,9 milljónum króna í árslok 1990 án dráttarvaxta.

Svipuð heimild hefur verið til staðar í fjárlögum síðastliðin ár. Þessi skuld tengist framkvæmdum í sambandi við eldgosið í Heimaey árið 1973 og aðstöðu aðkomubáta við höfnina í Grindavík.

Ríkisendurskoðun leggur til að lánið verði afskrifað.

Hitaveita Hjaltadals

Samkvæmt 41. grein lánsfjárlaga fyrir 1991 er heimild til fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis að semja við Hitaveitu Hjaltadals um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitunnar.

Þann 4. maí 1991 gekk fjármálaráðuneytið frá samningi við Hitaveituna um að ríkissjóður felli niður skuldir hennar við Orkusjóð og ríkissjóð samtals að fjárhæð 60 milljónir króna miðað við árslok 1989.

Bókfærð skuld hitaveitunnar í árslok 1990 við endurlán ríkissjóðs var að fjárhæð um 8,9 milljónir króna án dráttarvaxta. Ríkisendurskoðun telur í ljósi þess sem að framan segir að afskrifa skuli skuldina.

Rafveita Snæfjalla

Samkvæmt upplýsingum frá endurlánum ríkissjóðs voru Rafveitu Snæfjalla veitt lán á árunum 1972 og 1973 af spariskírteinafé, samtals 80 þúsundir króna (8 milljónir gamlar krónur). Lán þessi voru veitt samkvæmt framkvæmda- og fjáröflunaráætlunum fyrir þessi ár.

Að réttu lagi hefðu lánin átt að færast yfir á Orkubú Vestfjarða sem tók við virkjunum Rafveitu Snæfjalla, Mýrárvirkjun og Blævardalsvirkjun, árið 1979. Svo varð þó ekki af ástæðum sem ekki eru ljósar. Rafveitunni virðist hafa verið um megn að greiða af lánunum og eru þau því ógreidd enn. Ef Orkubú Vestfjarða hefði yfirtekið lánin eins og eignir rafveitunnar, hefðu þau væntanlega verið felld niður af ríkissjóði eins og önnur lán þess.

Bókfærð skuld við endurlán ríkissjóðs nam við síðustu áramót um 2,3 milljónum króna. Ríkisendurskoðun leggur til að skuldin verði afskrifuð þar sem Rafveita Snæfjalla er ekki lengur til.

Sjóefnavinnslan hf.

Samkomulag frá árinu 1987 um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, sem kynntur var á Alþingi 1987, kveður m.a. á um að Hitaveita Suðurnesja kaupi öll hlutabréf ríkissjóðs í Sjóefnavinnslunni. Þann 5. desember 1987 undirritaði fjármálaráðherra yfirlýsingu sem fól m.a. í sér að þau fjögur skuldabréf, sem félagið skuldaði endurlánum ríkissjóðs skyldu felld niður.

Þann 7. desember 1987 var óskað eftir staðfestingu Ríkisendurskoðunar á afskriftum þeirra krafna, sem hér um ræðir. Með bréfi dagsettu þann 24. desember 1987 staðfesti Ríkisendurskoðun þessar afskriftir.

Eftir er að afskrifa eitt skuldabréf hjá endurlánum vegna þessa samnings að fjárhæð 148 milljónir króna um áramótin 1990. Lagt er til að þessi fjárhæð verði afskrifuð.

Þörungavinnslan hf.

Skuld Þörungavinnslunar hf. við endurlán ríkissjóðs á s.l. ári samanstóð af þremur skuldabréfum. Voru tvö þeirra frá árinu 1975 en eitt frá 1980. Bókfærð staða þessarar skuldar var um 15 milljónir króna í árslok 1990. Þörungavinnslan hf. var lýst gjaldþrota þann 9. maí 1986. Ríkisábyrgðasjóður keypti verksmiðjuhús fyrirtækisins og seldi nýju fyrirtæki, Þörungaverksmiðjunni hf., sem stofnað var um reksturinn, á árinu 1987. Af þessum sökum er lagt til að skuld félagsins verði afskrifuð.

Ýmsir aðrir aðilar

Loks leggur Ríkisendurskoðun til að skuldir sjö aðila til viðbótar verði afskrifaðar. Er hér um gömul mál að ræða og fjárhæðir sem ekki hafa verið dráttarvaxtareiknaðar. Alls er hér um 551 þús. kr. að ræða

5. MÁL SEM TAKA ÞARF TIL SÉRSTAKRAR SKOÐUNAR

Ferjur og flóabátar

Fjórir aðilar, sem reka ferjur hafa fengið lán hjá endurlánum ríkissjóðs. Samtals námu þessi lán um 682 milljónum króna í árslok 1990. Vanskil afborgana námu um 346 milljónum króna á sama tíma. Ríkisendurskoðun telur að rekstur ferjanna muni ekki standa undir afborgunum af þessum lánum. Ríkissjóður á veð í ferjunum vegna lánanna.

Flóabáturinn Baldur. Ríkissjóður á 80% hlutfjár en afganginn eiga sýslur, sveitarfélög, og kaupfélög við Breiðafjörð ásamt einstaklingum. Ekki er líklegt að rekstur hans standi undir afborgunum. Skuld fyrirtækisins í árslok 1990 nemur um 401 milljónir króna án dráttarvaxta.

Skallagrímur hf. Ríkissjóður á um 66% hlutfjár. Skuld fyrirtækisins í árslok 1990 nemur um 165 milljónum króna án dráttarvaxta.

Hríseyjarhreppur. Ríkissjóður á ekki hlut í Eyjafjarðaferjunum Sævari og Sæfara. Sæfari siglir til Grímseyjar en Sævar er minni og siglir á milli Hríseyjar og Árskógstandar. Skuld vegna ferjanna grundvallast á þremur skuldabréfum sem öll eru útgefin af Hríseyjarhreppi. Ekki er líklegt að rekstur þessara ferja geti staðið undir afborgunum af skuld við endurlán ríkissjóðs sem er um 83 milljónir króna án dráttarvaxta.

Herjólfur hf. Ríkissjóður á 46,3% hlut í félaginu. Verið er að smíða nýja ferju og til þess var áætluð lántaka að fjárhæð 750 milljónir króna á þessu ári. Alls gæti ferjan kostað um 1,4 milljarða króna. Útreikningar sem gerðir hafa verið í þessu sambandi benda ekki til þess að reksturinn geti staðið undir afborgunum af lánum vegna ferjunnar.

Miðað við afkomu umræddra fyrirtækja fæst að mati stofnunarinnar líklega ekkert endurgreitt vegna þessara lána. Að lokum er ekki tekið tillit til 136 milljóna króna láns til Skipaútgerðar ríkisins sem stofnunin telur að ekki fáist endurgreitt frá rekstri félagsins. Samtals er hér um að ræða 1,1 milljarð króna miðað við júnílok 1991.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Bókfærð skuld Flugstöðvarinnar við endurlán ríkissjóðs í árslok 1990 var um 3.335 milljónir króna án dráttarvaxta.

Alls er um að ræða níu skuldabréf og er um 90% skuldarinnar í Bandaríkjadollurum. Lánaskilmálar eru þannig að ekki þarf að byrja að greiða afborganir fyrr en árið 1993. Til þess tíma ber eingöngu að greiða vexti. Flugstöðin er þegar í vanskilum með greiðslur vaxta. Á móti þessari kröfu standa eignir Flugstöðvarinnar sem voru um s.l. áramót bókfærðar á um 4,7 milljarða króna.

Verði ekkert að gert í tekjuöflunarmálum Flugstöðvarinnar, er líklegt að ekki fáist greiddar um 50% af skuldinni við endurlán ríkissjóðs eða um 1,7 milljarðar af skuldinni miðað við síðustu áramót. Þessi fjárhæð mun samkvæmt framansögðu að öllum líkindum falla á ríkissjóð.

Ríkisendurskoðun telur að stjórnvöld þurfi að taka þessi mál til sérstakrar umfjöllunar og í því skyni að ákveða með hvaða hætti mæta eigi fyrirsjáanlegum vanskilum. Þar sýnast einkum tvær leiðir koma til greina, annars vegar að ríkissjóður leysi til sín þær eignir sem veðsettar eru vegna lánanna í því skyni að selja þær eða að veita bein framlög á fjárlögum vegna stofnkostnaðar þar sem ljóst er að viðkomandi rekstur getur ekki staðið undir afborgunum lánanna við óbreyttar aðstæður.

6. YFIRLIT YFIR AFSKRIFTIR ENDURLÁNA

ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS

Miðað við stöðu pr. 31.12.90.

Nafn:	Krafa án drv.:	Afskriftir:
Ríkisb.(Hitav. Rang)	118.606.101	110.421.788
Landb.(Grænfr.verksm)	47.436.420	47.436.420
Hafnamálastofnun ríkisins	98.000	98.000
Ríkissjóður v/187501	32.000	32.000
Skipaútgerð ríkisins	260.899.796	89.709.563
Landshöfn Þorlákshöfn	1.704.105	1.704.105
Fiskveiðasjóður Íslands	533.555.890	358.555.890
Siglufljarðarkaupstaður	234.134.356	97.708.662
Grindavíkurkaupstaður	13.918.755	13.918.755
Hitaveita Hjaltadals	8.901.504	8.901.504
Rafveita Snæfjalla	2.308.522	2.308.522
Sjóefnavinnslan H.f.	148.413.625	148.413.625
Norðurstjarnan Hf,Hafnarfirði	322.617	322.617
Þorgeir og Ellert hf.	84.291	84.291
Söltunarstöðin Nóatún	56.155	56.155
Vörður h.f.	46.828	46.828
Dagstjarnan h.f.	40.000	40.000
Fiskiðjusamlag Þórshafnar,	1.131	1.131
Fiskimjöl Eyrbyggja Hf	240	240
Annað:		
Vallhömlur h.f.	47.232.476	47.232.476
Þörungavinnslan	15.016.756	15.016.756
V/Þormóðs Ramma	114.443.262	114.443.262
V/Ríkisútvarpsins	83.559.038	83.559.038
Samtals	<u>1.630.811.868</u>	<u>1.140.011.628</u>

III. KAFLI

„VEITT LÖNG LÁN" RÍKISSJÓÐS ÖNNUR EN ENDURLÁN

1. ALMENNT

Í þessum kafla verður fjallað um aðra lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs en endurlán. Fyrirgreiðsla þessi er af margvíslegum toga og í mörgum tilvikum e.t.v. hæpið að tala um lánveitingar í hefðbundnum skilningi þess hugtaks. Má þar nefna skuldabréf, sem gefin eru út til ríkissjóðs vegna eignasölu svo og skuldabréf sem gefin eru út til greiðslu á skattskuldum.

Þó hvergi sé í löggjöf að finna bein ákvæði um að ríkissjóði sé einungis heimilt að lána fé nema á grundvelli heimildar í lögum, t.d. á sama hátt og gildir um ríkisábyrgðir, verður að öllum líkindum að líta svo á að sambærilegar reglur gildi um lánveitingar ríkissjóðs og um útgjöld almennt og ábyrgðir. Nærtækt þykir í þessu sambandi að túlka ákvæði 41. gr. stjórnarskrá, sem kveður á um að „ekkert gjald megi greiða nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum" þannig að hún feli ekki aðeins í sér bann við útgjöldum nema skv. lagaheimild heldur einnig fjárráðstöfunum eins og lánveitingum, þ.e. að þær séu almennt óheimilar nema á grundvelli lagaheimildar. Þessi túlkun virðist að jafnaði hafa verið viðurkennd í framkvæmd. Auk þess sem að ofan greinir má benda á að almennar reglur um góða fjárstjórn og fjárreiður ríkissjóðs mæla með því að fyrirgreiðsla af þessu tagi sé samþykkt af fjárveitingarvaldinu jafnframt því sem sömu sjónarmið og búa að baki góðum og gildum stjórnsýsluvenjum, sýnast geta átt við og stutt ofangreinda túlkun ákvæðisins.

Lánafyrirgreiðsla sú, sem fjallað er um í þessum kafla, byggir í flestum tilvikum á skýrum lagaheimildum, með örfáum undantekningum þó. Sem dæmi um fyrirgreiðslur sem byggja á beinum lagaheimildum má í þessu sambandi nefna ákvæði IV. kafla laga nr. 9/1989 er kváðu á um heimildir til þess að taka við skuldabréfum til greiðslu á nánar tilgreindum skattskuldum. Eins má nefna ákvæði 111. gr. laganna um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. lög nr. 62/1989, en samkvæmt því er fjármálaráðuneytinu heimilt að semja um greiðslu á vangoldnum tekju- og eignarskatti í þeim tilvikum sem slíkt þykir tryggja betur hagsmuni ríkissjóðs. Síðast en ekki síst má í þessu sambandi nefna mjög algengar heimildir í 6. gr. fjárlaga til sölu fasteigna í eigu ríkissjóðs og móttöku skuldaviðurkenninga eða skuldabréfa í tengslum við uppgjör söluandvirðis eignanna.

Framangreind lög nr. 9/1989 og 62/1989 fela í sér almennar heimildir í þeim skilningi að þær lúta ekki að fyrirgreiðslu við nánar tilgreinda aðila. Heimildir sem lúta að fyrirgreiðslu við nafngreinda aðila þekkjast einnig. Má í því sambandi nefna lög nr. 53/1986 um málefni Arnarflugs hf. en samkvæmt þeim var m.a. heimilt að veita félaginu tiltekna fyrirgreiðslu vegna uppgjors á vangoldnum opinberum gjöldum.

Rétt er að geta þess að fram til gildistöku laga nr. 62/1989 hafði verið nokkuð algengt að semja um uppgjör vangoldinna skatta án þess að slíkt styddist við skýrar lagaheimildir. Fjármálaráðuneytið taldi heimilt að semja um uppgjör á skattskuldum með þessum hætti einkum í því skyni að tryggja hagsmuni ríkissjóðs betur en ella þar sem oftast en ekki var um að ræða ótryggar kröfur. Loks má geta þess að á sínum tíma var allnokkuð um það að t.d. björgunar- og slysavarnarfélagum svo og íþróttafélögum og sóknarnefndum væri heimilað að gera upp aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði, sem þessir aðilar fluttu inn til starfsemi sinnar, með skuldaviðurkenningum sem síðan voru gjarnan felldar niður samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga. Við söluskatts- og tollalagabreytinguna í árslok 1988 var mótuð sú stefna að mæla fyrir um skattívilnanir af þessu tagi til handa þessum aðilum í skattalögnum sjálfum og því hefur mjög dregið úr skuldaviðurkenningum af þessum toga.

2. „VEITT LÖNG LÁN“ RÍKISSJÓÐS

Í árslok 1990 var staða á liðnum „Veitt löng lán“ sú að ríkissjóður átti útistandandi kröfur samtals að fjárhæð 8.816 milljónir króna sem skiptast þannig:

	m.kr.
Opinberir lánasjóðir og fyrirtæki	6.087
Sveitarfélag og hitaveitur	198
Félagasamtök	54
Fyrirtæki og einstaklingar	<u>2.477</u>
Alls	<u>8.816</u>

Fyrstu sex mánuði ársins hafði ríkissjóður veitt lán að fjárhæð 206 milljónir króna til viðbótar þar af eitt án heimildar.

3. AFSKRIFTIR

Eftir að hafa metið innheimtuvirði veittra lána hjá ríkissjóði leggur Ríkisendurskoðun til að 966 milljónir króna verði afskrifaðar beint og að 123 milljónir króna færðar á afskriftareikning eða samtals 1.099 milljónir króna.

Beinar afskriftir skiptast þannig:

	m.kr.
Afskrift v\lölu fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs	410
Afskrift v\gjaldþrota fyrirtækja	554
Annað	<u>2</u>
Alls	<u>966</u>

4. NÁNAR UM EINSTÖK MÁL OG TILLÖGUR TIL AFSKRIFTA

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum málum þar sem gerðar eru tillögur um beinar afskriftir.

Arnarflug hf.

Í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 53/1986 um málefni Arnarflugs hf. er heimild til skuldbreytingar opinberra gjalda félagsins. Á grundvelli þessarar heimildar tók ríkissjóður við sex skuldabréfum Arnarflugs hf. á árunum 1986 og 1987. Lánin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum.

Þá heimilaði fjármálaráðuneytið Arnarflugi hf. á árinu 1990 að greiða stimpilgjald af skuld, sem hvíldi á flugvél sem félagið hafði tekið á leigu, með skuldaviðurkenningu. Í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991, tölulið 3.6, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður umrædd stimpilgjöld og þar með umrædda skuldaviðurkenningu.

Arnarflug hf. var á síðasta ári lýst gjaldþrota. Í ljósi þess telur Ríkisendurskoðun að afskrifa beri þessi lán sem eru að fjárhæð 98 milljónir króna miðað við árslok 1990.

Álafoss hf.

Þann 30. október 1989 gerðu lðnlánasjóður og ríkissjóður með sér samkomulag þess efnis að lðnlánasjóður fengi 110 milljónir króna að láni frá ríkissjóði sem lðnlánasjóður endurlánaði síðan til Álafoss hf. og Hildu hf. Í samkomulaginu var tekið fram að þessi fjárhæð væri án lántökukostnaðar eða annarra gjalda af hálfu lðnlánasjóðs. Skyldi lðnlánasjóður sjá um innheimtu lánanna.

Um er að ræða tvö víkjandi lán annað til Álafoss hf. að fjárhæð 27,5 milljónir króna en hitt til Hilda and Álafoss of Iceland Ltd. að fjárhæð 82,5 milljónir króna. Skuldabréfin eru dagsett í október 1989.

Þann 24. apríl 1991 skrifaði iðnaðarráðuneytið bréf til Iðnlánasjóðs þar sem tilgreint er að Hilda hf., sem nú hefur verið lýst gjaldþrota, hafi slitið samkomulaginu við Álafoss hf. og allar forsendur lánveitingarinnar til Hilda and Álafoss of Iceland Ltd. séu brostnar. Jafnframt óskaði iðnaðarráðuneytið þess að Iðnlánasjóður kannaði hvað hafi orðið af andvirði lánsins og hvaða möguleikar séu á innheimtu þess fjár. Þann 1. ágúst 1991 barst endurgreiðsla að fjárhæð 8,5 milljónir króna frá Iðnlánasjóði vegna láns til Hilda and Álafoss of Iceland Ltd.

Í maí 1990 var sams konar samkomulag gert milli Iðnlánasjóðs og ríkissjóðs nema hvað þá voru 60 milljónir króna lánaðar til viðbótar til Álafoss hf. Um var að ræða víkjandi lán og voru kjör að öllu leyti sambærileg við tvö hin fyrri. Engar heimildir voru fyrir þessum greiðslum.

Samanlagt bókfært virði þessara krafna var um 185 milljónir króna í árslok 1990. Þar sem Álafoss h.f og Hilda hf. hafa verið lýst gjaldþrota leggur Ríkisendurskoðun til að þessar tilteknu skuldir verði afskrifaðar.

Sigló hf.

Í október 1985 gerði þáverandi fjármálaráðherra samkomulag við Sigló hf. sem fól í sér að öllum kröfum ríkissjóðs á félagið skyldi breytt í 15 ára lán sem yrði afborgunarlaust fyrstu 5 árin. Höfuðstóll lánsins nam um 31 milljón króna, verðtryggður með 5% vöxtum.

Þann 10. október 1989 keypti ríkissjóður Íslands fasteign Sigló hf. að Norðurgötu 20 á Siglufirði á nauðungaruppboði fyrir 90 milljónir króna. Eignin var keypt með það fyrir augum að tryggja kröfu ríkissjóðs á 13. veðrétti, sem á uppboðsdegi nam 64,4 milljónum króna. Yfirtekin lán ríkissjóðs að 13. veðrétti námu 87,4 milljónum króna. Þá nam útlagður viðbótarkostnaður ríkissjóðs vegna kaupanna 2,8 milljónum króna. Ríkissjóður fékk því ekkert upp í kröfu sína á 13. veðrétti.

Ennfremur keypti ríkissjóður vélar og tæki Sigló hf. að fjárhæð 29,7 milljónir króna. Kostnaður ríkissjóðs vegna kaupa á eignum Sigló hf. ásamt tapaðri kröfu hans í þrotabúið nam því 186,9 milljónum króna.

Þann 4. september 1990 gerðu ríkissjóður og Ingimundur hf. í Reykjavík með sér makaskiptasamning. Samkvæmt þeim samningi seldi

ríkissjóður Ingimundi hf. eignir Sigló hf. á 75,0 milljónir króna en á móti keypti ríkissjóður eignir Ingimundar hf. að Súðavogi 6 í Reykjavík á 117,5 milljónir króna.

Þá liggur fyrir að ríkissjóður seldi eignir Ingimundar hf. að Súðavogi í Reykjavík þann 27. mars 1991 til Sláturfélags Suðurlands fyrir 54,5 milljónir króna. Söluþap ríkissjóðs vegna þeirrar eignar nemur 63,0 milljónum króna og heildarframlag ríkissjóðs vegna Sigló hf. nemur þannig 174,9 milljónum króna.

Sigló hf. hefur verið lýst gjaldþrota. Um síðustu áramót nam krafa ríkissjóðs á félagið um 88 milljónum króna. Víxlar að fjárhæð um 3,2 milljónir króna eru hluti af þessari kröfu og má telja þá örugga. Yfirgnæfandi líkur eru þó á að um 85 milljónir króna tapast og leggur Ríkisendurskoðun til að sú fjárhæð verði afskrifuð.

Sjóefnavinnslan hf.

Þann 5. desember 1987 seldi ríkissjóður Hitaveitu Suðurnesja allt hlutafé sitt í Sjóefnavinnslunni hf. Í þessu sambandi felldi Ríkissjóður niður allar skuldir Sjóefnavinnslunnar hf. við endurlán ríkissjóðs svo og skuld við Sparisjóð Keflavíkur, samtals um 530 milljónir króna á verðlagi 1987. Í staðinn var gengið frá tveimur nýjum lánum hjá ríkissjóði þar sem Sjóefnavinnslan hf. er skuldari.

Annað lánið, sem er verðtryggt en án vaxta, upphaflega að fjárhæð 150 milljónir króna, en um 240 milljónir króna í árslok 1990. Afborgun af bréfinu var ákveðin sem 7,5% af svonefndum greiðslustofni, sem teljast skyldi hagnaður félagsins fyrir skatta. Ríkisendurskoðun telur litlar líkur á því að krafan fáist greidd og því rétt að afskrifa hana.

Hitt lánið er upphaflegan að fjárhæð 70 milljónir króna verðtryggt með 5% vöxtum til 13 ára og afborgunarlaust fyrstu 3 árin. Talið er tryggt að lánið endurgreiðist.

Þormóður rammi hf.

Samkvæmt 44. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1989 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag félagsins.

Hlutfé ríkisins í Þormóði ramma hf. nam 16,5 milljónum króna í árslok 1989. Á árunum 1982 og 1983 fékk félagið með aðstoð endurlána ríkissjóðs lán til að byggja frystihús á Siglufirði. Heildarskuldir fyrirtækisins við ríkissjóð námu alls um 420 milljónum króna í árslok 1989. Á árinu 1990 var tekin ákvörðun um að breyta 383,5 milljónum króna af skuldum félagsins við ríkissjóðs í hlutfé. Eftir skuldbreytinguna nam hlutfé ríkisins í Þormóði ramma hf. um 400 milljónum króna eða ríflega 98% og skuldir fyrirtækisins við endurlán ríkissjóðs námu um 38 milljónum króna.

Í desember 1990 var undirritaður samningur á milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stjórna Þormóðs ramma hf., Drafnar hf. og Egilssíldar hf. um sölu á 58,17% af hlutabréfum ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. og sameiningu fyrirtækjanna þriggja. Við sölu hlutabréfanna var hlutfé Þormóðs ramma hf. fært niður í 150 milljónir króna og söluverð hins selda hlutar nam því 87,3 milljónum króna. Eftir sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í Þormóði ramma hf., sameiningu félaganna þriggja og aukningu hlutfjár á ríkissjóður 20% hlutfjár í hinu sameinaða félagi eða 48,0 milljónir króna að nafnvirði.

Tveimur víkjandi lánnum sem ekki tilheyrðu endurlánnum ríkissjóðs var ráðstafað upp í áskrift ríkissjóðs á hlutfé í Þormóði ramma hf. Bókfært virði þeirra var um 169 milljónir króna í árslok 1990 með áföllnum vöxtum en án dráttarvaxta.

Með vísan til þess er að framan segir er lagt til að þessi lán verði afskrifuð.

Íslenski gagnagrunnurinn hf.

Í desember 1988 heimilaði fjármálaráðuneytið útgáfufyrirtækinu Svart á hvítu hf. að framselja ríkissjóði, til greiðslu á söluskattsskuldum sínum vegna ársins 1987 og ársins 1988, veðskuldabréf sem Íslenski gagnagrunnurinn hf. gaf út til framseljanda. Skuldabréfið, útgefið 10. desember 1988, er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, ber breytilega vexti (upphaflega 8,7%) og skyldi endurgreiðast á 8 árum. Andvirði bréfsins var í upphafi 24,4 milljónir króna.

Skuldabréfið er tryggt með veði í tveimur gagnagrunnum, Íslandsgrunninum og Lagagrunninum en þar er um að ræða upplýsingabanka og hugbúnaðarkerfi sem fyrirhugað var að selja aðgang að. Fyrirtækið hefur hinsvegar verið úrskurðað gjaldþrota og vantaði þá mikið á að hin veðsetta eign væri hæf til tekjumyndunar. Reyndar virðist kerfið á algjöru frumstigi og

allsendis óljóst hvort lokið verði við það, hvað það mundi kosta og hverjar markaðshorfur fyrir þá þjónustu sem bjóða átti séu.

Í ljósi framansagðs er mjög vafasamt að ríkissjóður fái kröfu sína greidda, en hún nam 34,7 milljónum króna í árslok 1990. Telur Ríkisendurskoðun því rétt að afskrifa alla fjárhæðina.

Stálvík hf.

Í apríl 1988 heimilaði fjármálaráðuneytið skipasmíðastöðinni Stálvík hf. að greiða vanskil á launaskatti með skuldabréfi sem fyrirtækið gaf út. Bréfið, útféið 9. maí 1988, er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, ber 9,5% vexti með heimild til breytingar og skyldi endurgreiðast á 6 árum. Andvirði bréfsins var 8 milljónir króna. Auk þess hafði áður (í október 1986) verið heimiluð skuldbreyting á opinberum gjöldum en þá var gefið út skuldabréf þann 21. mars 1988 að andvirði 6,2 milljónir króna. Kjör þess bréfs voru sambærileg kjörum fyrrnefnda bréfsins.

Bæði skuldabréfin eru tryggð með veði í eignum fyrirtækisins. Fyrra bréfið með 38. veðrétti og það síðara með 39. veðrétti í fasteignum þ.m.t. lóð úr landi Lyngholts. Stálvík hf. var úrskurðað gjaldþrota þann 16. ágúst 1990.

Telja verður báðar þessar kröfur tapaðar og er því lagt til að fjárhæðin, samtals 22 milljónir króna, verði afskrifuð.

Trésmiðjan Víðir hf.

Í júní 1984 samþykkti fjármálaráðuneytið að kaupa skuldabréf af Trésmiðjunni Víði hf., að andvirði 5,9 milljónir króna gegn því skilyrði að andvirði bréfsins yrði ráðstafað til greiðslu á skattskuldum fyrirtækisins og Húsgagnaverslunar Guðmundar Guðmundssonar. Skuldabréfið, sem gefið var út 30. maí 1984, er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, ber 4% vexti með heimild til breytingar og skyldi endurgreiðast á 5 árum.

Skuldabréfið var tryggt með 47. veðrétti í fasteign trésmiðjunnar við Smiðjuveg 2, Kópavogi. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta 27. janúar 1986 og hin veðsetta eign seld á nauðungaruppboði í maí það ár. Söluandvirði eignarinnar nægði ekki til þess að krafa ríkissjóðs fengist greidd. Skiptum er ekki lokið en búið mun að öðru leyti eignalaust og því útlit fyrir að ekkert fáið upp í kröfuna

Lagt er til að öll krafan, 15,2 milljónir króna í árslok 1990, verði afskrifuð.

Hagi hf.

Í desember 1984 heimilaði fjármálaráðuneytið að innheimtumaður ríkissjóðs tæki við fasteignatryggðu veðskuldabréfi sem greiðslu á opinberum gjöldum sem Hagi hf. skuldaði ríkissjóði. Veðskuldabréf var gefið út 27. desember 1984 að andvirði 5,5 milljónir króna. Það var verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, vextir eru breytilegir en voru í upphafi 8% og skyldi bréfið endurgreiðast á 5 árum.

Skuldabréfið var tryggt með 20. veðrétti í Óseyri 4, Akureyri. Ekkert fékkst upp í kröfu ríkissjóðs þegar hin veðsetta eign var seld á uppboði. Í framhaldi af því voru samþykktir nauðasamningar þar sem greitt skyldi 10% af lýstum kröfum. Við þetta hefur ekki verið staðið og hefur ítrekað verið farið fram á það við skiptarétt Akureyrar að aðilar verði krafðir efnda á samningnum eða fyrirtækið að öðrum kosti úrskurðað gjaldþrota.

Krafan nam um síðustu áramót 14,6 milljónum króna. Ríkisendurskoðun telur í ljósi þess sem að framan greinir að rétt sé að afskrifa 90% af kröfunni þ.e. 13,1 milljón króna.

Garðskagi hf.

Fjármálaráðuneytið samþykkti að taka skuldabréf sem útgefið var af fyrirtækinu sem greiðslu á opinberum gjöldum þess. Áritun þessa efnis er á skilagrein skuldarviðurkenningar frá embætti bæjarfógetans í Keflavík dags. 29. október 1986. Skuldabréfið var gefið út 20. október 1986, var að andvirði 6,8 milljónir króna verðtryggt skv. lánskjaravísitölu og ber 5% vexti sem breyta má. Bréfið skyldi endurgreiðast á þremur árum.

Skuldabréfið var tryggt með 32. veðrétti í fiskverkunarstöð í landi Kothúss I, Garði. Eignin hefur verið boðin upp en þriðja nauðungarsala fór ekki fram vegna mótmæla. Krafa ríkissjóðs er mjög aftarlega í veðröð og því yfirgnæfandi lýkur fyrir því að hún sé töpuð.

Lagt er til að krafan verði afskrifuð að fullu, 14,4 milljónir króna.

Samkomuhús Vestmannaeyja hf.

Skuldabréf að fjárhæð 6,2 milljónir króna var gefið út af samkomuhúsinu þann 9. júlí 1987. Skuldabréfið var til fjögurra ára, verðtryggt skv. lánskjaravísitölu og breytilegum vöxtum, sem voru 7,5% við útgáfu.

Skuldabréfið var tryggt með 11. veðrétti í Kirkjuvegi 22, Vestmannaeyjum. Lántaki stóð ekki í skilum og var eignin slegin ríkissjóði 8. maí 1991 á 3ju nauðungarsölu fyrir 37,4 milljónir króna. Boð náði ekki upp í kröfu ríkissjóðs og má því afskrifa hana. Krafan var 12,8 milljónir króna um síðustu áramót auk dráttarvaxta. Ekki er hér gert ráð fyrir söluhagnaði á eigninni.

Verslun Sigurðar Pálmasonar hf.

Skuldabréf að fjárhæð 6,7 milljónir króna var gefið út af fyrirtækinu þann 30. janúar 1987. Skuldabréfið er til fimm ára, verðtryggt skv. lánskjaravísitölu með breytilegum vöxtum, sem voru 6,5% við útgáfu.

Krafan var tryggt með 11. veðrétti í Brekkugötu 4, Hvammstanga. Lántaki var úrskurðaður gjaldþrota og er skiptum lokið. Hin veðsetta eign var seld á nauðungaruppboði 10. maí 1989 án þess að krafa ríkissjóðs fengist greidd. Samkvæmt endanlegri úthlutunargerð fengust 0,3 milljónir króna upp í kröfuna.

Krafan stóð í 11,4 milljónum króna um síðustu áramót án dráttarvaxta. Mismuninn, sem er 11,1 milljón króna, þykir því rétt að afskrifa.

Húseiningar hf.

Ríkissjóður á eftirtalin skuldabréf, sem tengjast málefnum Húseininga hf.:

Útgáfud.	Skuldari	Fjárhæð	Vextir	Lánstími
01.08.1980	Húseiningar hf.	1.419.160	16%	15 ár
22.04.1981	Húseiningar hf.	320.000	22% br.	7 ár
24.01.1985	Húseiningar hf.	4.000.000	br.	6 ár
10.02.1988	Bútur hf. og 10 ár Konráð Baldvinss.	10.500.000	LV	9% br.

Til tryggingar skuldabréfum Húseininga hf. voru veð í fasteignum á Siglufirði, ýmist á 2. eða 5. veðrétti. Yngsta bréfið var þó tryggt með sjálfskuldarábyrgð Útvegsbanka Íslands.

Bréfið frá 22. apríl 1981 var notað til að greiða með afborganir eldra bréfsins. Í ársbyrjun 1986 óskuðu forsvarsmenn fyrirtækisins þess við fjármálaráðuneytið að það framlengdi lánstíma skuldabréfins frá 1985 um eitt ár vegna fjárhags- og greiðsluerfiðleika fyrirtækisins. Við þeirri beiðni var orðið.

Fyrirtækið varð gjaldþrota þann 4. maí 1987. Þrotabúið seldi fasteignir sínar til Konráðs Baldvinssonar sbr. kaupsamnings dags. 29. október 1987 og var það með samþykki allra veðhafa. Kaupverð var röskar 35 milljónir króna og fólst greiðsla þess í yfirtöku kaupanda á áhvílandi skuldum fyrirtækisins. Þar á meðal var skuld við ríkissjóðs að fjárhæð 10,4 milljónir króna. Annarsvegar voru skuldir að fjárhæð um 3 milljónir króna, sem tryggðar voru með fasteignaveði og hinsvegar skuld að upphæð um 7,5 milljónir króna, sem tryggð var með ábyrgð Útvegsbanka Íslands. Skilyrði þess að kaupandi fengi að yfirtaka skuldirnar var m.a. að þær yrðu verðtryggðar m.v. lánskjaravísitölu og bæru hæstu leyfilega vexti. Ábyrgð Útvegsbankans var felld niður en fasteignaveð kom í staðinn. Skuldirnar skyldi endurgreiða á 10 árum. Gengið var frá skuldabréfi vegna þessa þann 10. febrúar 1988.

Lánið lenti í vanskilum og voru eignir boðnar upp án þess að nokkuð greiddist upp í kröfu ríkissjóðs. Bútur hf. og Konráð Baldvinsson hafa verið lýstir gjaldþrota.

Krafa ríkissjóðs sem bókfærð var á Húseiningar hf. um síðustu áramót nam 10,5 milljónum króna. Lagt er til að þessi fjárhæð verði afskrifuð.

Þór hf. og Rörverk hf.

Þór og Rörverk óskuðu sameiginlega eftir því við fjármálaráðuneytið að fá að greiða vangoldna skatta með skuldabréfi. Með bréfi þann 1. júní 1989 samþykkti fjármálaráðuneytið þessa skuldbreytingu.

Var skuldinni síðan skipt á tvö bréf, hvort um sig að fjárhæð um 2,1 milljónir króna. Var Þór útgefandi að öðru bréfinu en Rörverk að hinu. Bréfin eru verðtryggð með hæstu löglegu vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Bæði fyrirtækin hafa verið lýst gjaldþrota. Því er lagt til að bókfærð krafa alls að fjárhæð 4,7 milljónir króna miðað við áramót, verði afskrifuð.

Pólstækni hf.

Með bréfi dagsettu þann 19. janúar 1989 samþykkti fjármálaráðuneytið að heimila Pólstækni að greiða vangoldna skatta með skuldabréfi.

Skuldabréfið var að fjárhæð um 2 milljónir króna, verðtryggt og áttu vextir að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabankans.

Bókfærð krafa nam um 1,9 milljónum króna um síðastliðin áramót. Þar sem fyrirtækið hefur verið lýst gjaldþrota og sýnt þykir að ekkert fáist upp í kröfu ríkissjóðs er lagt til að krafan verði afskrifuð.

Blikksmiðjan Vogur hf.

Með bréfi dagsettu þann 1. febrúar 1985 til Bæjarfógetans í Kópavogi samþykkti fjármálaráðuneytið að skuldbreyta opinberum gjöldum fyrirtækisins með því skilyrði að 10% skuldarinnar yrði greiddur strax en afgangurinn með skuldabréfi.

Skuldabréfið var að fjárhæð um 1,7 milljónir króna, verðtryggt og með hæstu lögleyfðu vöxtum. Skuldabréfið var tryggt með veði í fasteign félagsins að Auðbrekku 2, Kópavogi.

Þann 7. febrúar 1986 var fasteignin seld á nauðungaruppboði til Útvegsbanka Íslands. Ekki fékkst upp í kröfu ríkissjóðs. Félagið hefur verið lýst gjaldþrota. Ríkisendurskoðun leggur því til að krafan verði afskrifuð, en um síðustu áramót var hún um 2,7 milljónir króna.

Tækjabúðin hf.

Þann 12. júní 1989 samþykkti fjármálaráðuneytið að heimila Tækjabúðinni að greiða hluta opinberra gjalda með skuldabréfi sem var að fjárhæð um 7,5 milljónir króna. Bréfið var tryggt með 8. veðrétti í Aratúni 26, Garðabæ. Það var verðtryggt með 8,75% vöxtum.

Fasteignin að Aratúni 26 var slegin ríkissjóði á þriðja og síðasta uppboði þann 15. október 1990. Ríkissjóður seldi síðan eignina í makaskiptum.

Bókfærð krafa nam um 10,9 milljónum króna en um 8,9 milljónir greiddust upp við sölu fasteignarinnar. Því er lagt til að um 2 milljónir króna verði afskrifaðar.

Jón Eðvaldsson hf.

Þetta skuldabréf var gefið út samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 10/1988 um skuldbreytingu opinberra gjalda til fyrirtækja í sjávarútvegi.

Um var að ræða skuldabréf útgefið af Jóni Eðvaldssyni hf., Sandgerði þann 28. febrúar 1985, verðtryggt með 5% vöxtum og tryggt með fasteignaveði. Fyrsta afborgun bréfsins skyldi vera þremur árum eftir útgáfudag bréfsins.

Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota þann 23. september 1987. Fasteignin sem sett var að veði var á nauðungaruppboði þann 29. apríl 1987 og slegin Landsbanka Íslands. Ekkert fékkst greitt upp í kröfu ríkissjóðs. Er því lagt til að krafan verði afskrifuð, en hún nam um 2,9 milljónum króna um síðustu áramót.

Nesco h.f

Um er að ræða eitt skuldabréf útgefið þann 27. nóvember 1981 af NESCO hf. að fjárhæð um 2 milljónir króna. Bréfið er með hæstu lögleyfðu vöxtum og tryggt með veði í fjórum fasteignum.

NESCO hf. og NESCO Manufacturing eru bæði gjaldþrota og er ljóst að ekkert fæst upp í kröfuna. Bókfærð krafa nam um 2,5 milljónum króna um síðustu áramót. Lagt er til að krafa þessi verði afskrifuð.

Ræktunarsamband Austurlands

Þann 21. febrúar 1983 samþykkti fjármálaráðuneytið að skuldbreyta söluskattsskuld Ræktunarsambandsins. Skuldabréfið sem Ræktunarsambandið gaf út var til fimm ára, verðtryggt með 3% vöxtum, tryggt með veði í fasteign þess á Egilsstöðum.

Þar sem leita skyldi nauðasamninga við Ræktunarsambandið, samþykkti fjármálaráðuneytið þann 3. febrúar 1987 að taka 160 þúsund krónur sem fullnaðargreiðslu upp í eftirstöðvar sem þá voru 900 þúsund krónur. Bókfærðar eftirstöðvar námu um síðast liðin áramót um 1,8 milljónum króna og ber því að afskrifa þá fjárhæð.

Ásgeir hf.

Ásgeir hf. gaf út skuldabréf til ríkissjóðs þann 16. desember 1985. Andvirði bréfsins var um 4,5 milljónir króna og var það verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, bar breytilega vexti, sem voru til að byrja með 5% og skyldi endurgreiðast á 4 árum.

Skuldabréfið var tryggt með 20. veðrétti í fiskverkunarstöð fyrirtækisins í landi Gerða. Uppboð á veðinu fór fram 24. apríl 1987 og var það slegið Útvegsbanka Íslands. Þrjár veðskuldir sem voru á undan kröfu ríkissjóðs, fengust ekki greiddar.

Fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota 2. október 1987 og lauk skiptum ári síðar. Ekkert kom upp í almennar kröfur.

Um síðustu áramót nam krafan um 10,2 milljónum króna án dráttarvaxta. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið þarf að afskrifa þessa kröfu.

Sláturhúsið Vík hf.

Sláturhúsið Vík hf. gaf út skuldabréf til ríkissjóðs þann 2. apríl 1985. Andvirði bréfsins var 3,5 milljónir króna og var það verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, bar 4% vexti og skyldi endurgreiðast á 5 árum.

Skuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni Víkurbraut 21A, Vík í Mýrdal. Eignin var seld á nauðungaruppboði þann 12. júní 1991 og slegin ríkissjóði fyrir 800 þúsund krónur. Bæði sláturhúsið og Búrfell hf., sem yfirtók rekstur þess eru gjaldþrota. Krafan er því töpuð að öðru leyti en því, sem fékkst upp í hana við endursölu eignarinnar auk 389 þúsund krónur, sem fengust greiddar á uppboðinu. Ríkissjóður seldi eignina á 2 milljónir króna.

	m.kr.
Söluverð fasteignar	2,0
Krafa ríkissjóðs (án dr.vxt.)	<u>7,2</u>
	-5,2
Greitt	<u>0,3</u>
Tap	<u>-4,9</u>

Það liggur þannig fyrir að afskrifa þarf um 4,9 milljónir króna vegna þessa máls.

Veitingamaðurinn hf.

Um er að ræða skuldabréf að fjárhæð um 3,2 milljónir króna sem gefið var út 25. febrúar 1986 af Veitingamanninum hf. Bréfið er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, ber breytilega vexti, sem voru 5% við útgáfu bréfsins og skyldi lánstími vera 5 ár.

Skuldabréfið var tryggt með sjálfskuldarábyrgð tveggja aðila, Veitingahússins Asks hf. og einstaklings. Aðalskuldari, Veitingamaðurinn hf., er gjaldþrota svo og Askur hf. Gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá hinum ábyrgðaraðilanum.

Krafan nam um 6,1 milljón króna um síðustu áramót án dráttarvaxta. Fyrir liggur að krafan er töpuð og ber því að afskrifa hana.

Bifreiðaverkstæðið Vísir hf.

Þann 15. október 1985 samþykkti fjármálaráðuneytið að Bifreiðaverkstæðinu Vísir hf. yrði heimilað að greiða söluskattsskuld sína við ríkissjóð með skuldabréfi sem fyrirtækið gæfi út. Skuldabréf vegna þessa var gefið út þann 28. nóvember 1985. Andvirði bréfsins var um 2,8 milljónir króna, það var verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, bar breytilega vexti sem voru 5% við útgáfu og skyldi endurgreiðast á fimm árum.

Skuldabréfið var tryggt með 9. veðrétti í fasteigninni Þjóðbraut 11, Akranesi. Eignin var slegin ríkissjóði á nauðungaruppboði þann 2. október 1987 fyrir 3,9 milljónum króna en þar af þurfti ríkissjóður að greiða um 2 milljónir króna vegna krafna sem voru á undan kröfu ríkissjóðs svo og vegna kostnaðar við uppboðið. Árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá félaginu.

Í árslok 1990 nam krafa ríkissjóðs á félagið um 4 milljónir króna án dráttarvaxta. Í ljósi málavaxta telur Ríkisendurskoðun að afskrifa þurfi þessa kröfu.

Blikkver hf.

Þann 15. apríl 1988 samþykkti fjármálaráðuneytið að Blikkver hf. yrði heimilað að greiða höfuðstól skattskulda sinna við ríkissjóð með skuldabréfi, sem fyrirtækið gæfi út. Dráttarvextir skyldu felldir niður. Blikkver hf. gaf út skuldabréf til ríkissjóðs þann 30. maí 1988. Andvirði bréfsins var um 2,4 milljónir króna.

Veðið var selt nauðungarsölu þann 13. mars 1989 án þess að nokkuð greiddist upp í kröfu ríkissjóðs. Fyrirtækið varð gjaldþrota þann 14. júní 1989.

Krafa ríkissjóðs stóð um síðustu áramót í 4 milljónum króna án dráttarvaxta. Rétt þykir að krafan verði afskrifuð.

Húsvísk matvæli hf.

Þann 5. febrúar 1990 var gerður samningur um víkjandi lán á milli ríkissjóðs sem lánveitanda og Húsvískra matvæla hf. Lánið nam 3 milljónum króna, það er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu og ber 5% vextir. Árleg endurgreiðsla ákvarðast þannig að við veltufé skv. rekstri leggjðist söluverð varanlegra rekstrarfjármuna en frá dragast næsta árs afborgun langtímalána. Árleg greiðsla lánsins skyldi ekki vera hærri en sem nemur 60% af þannig fundinni fjárhæð. Nánari ákvæði eru í skuldabréfinu um endurgreiðslur. Samningur þessi var án heimildar.

Þann 11. júní 1991 var fyrirtækinu veitt greiðslustöðvun í 3 mánuði. Í framhaldi af því var fyrirtækið síðan úrskurðað gjaldþrota og kröfunni lýst í búið. Ekki er gert ráð fyrir að neitt fáiist upp í kröfuna.

Ríkisendurskoðun telur rétt að afskrifa ofangreinda kröfu en hún nam um 3,3 milljónum króna um síðustu áramót.

Skemmtigarðurinn sf.

Með orðsendingu frá fjármálaráðuneytingu til Tollstjórans í Reykjavík frá 2. apríl 1986 féllst ráðuneytið á að Skemmtigarðurinn sf. greiddi söluskattsskuld vegna septembermánaðar 1984 og maí-, ágúst- og septembermánaða 1985 með skuldabréfi. Bréfið hljóðaði upp á um 2,1 milljónir króna, var verðtryggt skv. lánskjaravísitölu, bar breytilega vexti sem voru 5% við útgáfu og skyldi endurgreiðast á þremur árum.

Skuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti í veitingahúsi við Grænumörk 1c í Hveragerði. Eignin var seld á nauðungaruppboði þann 6. júlí 1990 og slegin Hveragerðisbæ fyrir 1 milljón króna. Utgefandi bréfsins svo og sameigendur eru eignalausir.

Krafa ríkissjóðs nam um síðustu áramót 3,3 milljónum króna án dráttarvaxta. Ljóst er að afskrifa þarf eftirstöðvar kröfunnar.

Óbeinar afskriftir

Til viðbótar beinum afskriftum sem gerð er tillaga um hér að framan telur Ríkisendurskoðun að færa beri samtals 123 milljónir króna á afskriftareikning, þ.e. óbein afskrift, þar sem verulegar líkur er á að umrædd fjárhæð kunni að tapast á næstu árum. Um er að ræða áætlaða afskrift vegna 14 aðila.

Samantekt beinna afskrifta:

Veitt lán ríkissjóðs pr. 31.12.1990

LÁNTAKI	KRAFA án	Bein	DRV.:
afskrift:			
SJÓEFNAVINNSLAN HF.	353.232.482	240.521.455	
ÞORMÓÐUR RAMMI HF.	174.712.712	169.184.042	
ALAFOSS HF.	96.115.801	96.115.801	
HILDA AND ALAFOSS	97.618.203	89.028.070	
ARNARFLUG HF.	98.297.448	98.297.448	
SIGLÓ HF.	87.834.815	84.650.815	
ÍSLENSKI GAGNAGR.	34.740.973	34.740.973	
STÁLVÍK HF.	22.004.428	22.004.428	
TRÉSMIDJAN VIÐIR HF.	15.215.529	15.215.529	
HAGI HF. TRÉSM.	14.571.797	13.114.617	
GARDSKAGI HF.	14.437.719	14.437.719	
SAMKOMUHÚS VESTMAN	12.770.540	12.770.540	
VERSL.SIGURÐAR PÁL	11.442.699	11.128.355	
ÁSGEIR HF.	10.202.208	10.202.208	
HÚSEININGAR HF.	10.514.390	10.514.390	
VÍK HF.	7.216.735	4.900.000	
VEITINGAMADURINN HF.	6.060.190	6.060.190	
VÍSIR HF.	3.993.605	3.993.605	
BLIKKVER HF.	4.018.355	4.018.355	
HÚSVÍSK MATVÆLI HF.	3.298.995	3.298.995	
SKEMMTIGARDURINN HF.	3.250.626	3.250.626	
TÆKJABÚÐIN HF.	10.900.911	2.000.000	
VOGUR HF.	2.687.712	2.687.712	
JÓN EÐVALDSSON HF.	2.885.046	2.885.046	
RÖRVERK HF.	2.433.326	2.433.326	
VÉLSMIDJAN ÞÓR HF.	2.281.849	2.281.849	
NESCO	2.532.666	2.532.666	
PÓLSTÆKNI HF.	1.940.341	1.940.341	
RÆKTUNARSAMBAND AUSTURL.	1.788.941	1.788.941	
	<u>1.109.001.052</u>	<u>965.998.042</u>	